

REGLUR um breytingu á prófareglum fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

5. gr., d-liður, orðast svo: Próftökugjald kr. 6.000 er innheimt vegna sjúkra- og endurtökuprófa í janúar og maí/júní. Eftir þriðju tilraun ber stúdent að greiða hálft skrásetningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 27. maí 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Hermann Óskarsson,
ritari háskólaráðs.*